

Reykjavík 20. ágúst 2012.

Kynning á samræmdum könnunarprófum í 10. bekk 2012

Ágæti nemandi.

Samræmd könnunarpróf í 10. bekk eru nú lögð fyrir að hausti. Þau verða haldin dagana 17. - 19. september, fyrst íslenska, svo enska og að lokum stærðfræði. Hér á eftir eru upplýsingar og leiðbeiningar svo þú áttir þig betur á prófunum og ekkert þurfi að koma á óvart við próftökuna.

Hvað eiga prófin að mæla? Markmið prófanna er aðallega tvíþætt. Í fyrsta lagi að gefa upplýsingar um að hvaða marki þú hefur náð, grundvallarkunnáttu og færni sem frekara nám byggir á. Í öðru lagi að vera foreldrum, kennurum og skólayfirvöldum til leiðbeiningar um námsstöðu nemenda.

Hvernig er prófunum háttað?

Mæting: Samræmd könnunarpróf hefjast klukkan 9:00. Skólinn ákveður hvenær nemendur eiga að mæta. Áður en próf geta hafist þarft þú að koma þér fyrir, merkja prófgögn og kennari að taka manntal. Próftími er þrjár klukkustundir.

Undirbúningur: Það er mikilvægt að þú mætir í prófin með því hugarfari að tilgangur þeirra sé að meta stöðuna í viðkomandi námsgreinum. Alla jafna kynna skólar nemendum prófin og láta þá þreyta eldri próf í æfingarskyni. Ekki er ástæða til að skapa streitu vegna þeirra. Mikilvægt er að vera vel sofinn og að borða morgunverð fyrir prófin. Nemendum er heimilt að vera með nesti með sér, en þurfa að huga að því að neysla þess trufli ekki aðra nemendur.

Á meðan á prófum stendur: Búið verður að prenta nafn, kennitölu og skóla á svarblöð og ritunarblað. Athugaðu hvort þú hefur rétt prófgögn og skrifaðu nafn, skóla og kennitölu á öll blöð og prófhefti. Öllum fjölvalsspurningum átt þú að svara á svarblöð. Próftími er rúmur en þó er mikilvægt að vinna jafnt og þétt í prófinu.

Yfirlit um hvert próf fyrir sig:

Íslenska: Íslenskuprófið samanstendur af lestri, málfræði og ritun. Í prófinu eru fimm lestextar, málfræðispurningar og ein ritgerð. Úr lestextum eru spurningar sem reyna á beinan lesskilning, dýpri skilning textans og bókmenntalega eiginleika hans. Nemendur skrifa eina ritgerð, *annað hvort* stílrítgerð eða rökfærslurítgerð. Í rökfærslurítgerð þurfa nemendur að taka afstöðu og færa rök fyrir máli sínu. Í stílrítgerð er lögð megináhersla á stíl og gengið út frá atriði í einum af bókmenntatextunum. Bent er á sýnishorn ritgerðaverkefna á http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/framkvamd/synisefni_10_isl.html

Enska: Í samræmdu könnunarprófi í ensku reynir á lesskilning og málnotkun. Í lesskilningi eru fjórir textar. Þar eru spurningar sem reyna á beinan skilning efnisatriða, dýpri skilning á hlutum textans eða textanum í heild. Einnig reynir á skilning á einstökum orðum eða orðasamböndum. Nemendur skrifa eina ritgerð þar sem þeir eiga að fjalla um ákveðið efni. Mikilvægt er að skrifa samfellda frásögn og forðast upptalningar. Sýnishorn eru aðgengileg á http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/framkvamd/synisefni_10_ens.html

Stærðfræði: Stærðfræðiprófið miðast við efnisatriði sem alla jafna er unnið með í 8. og 9. bekk. Nemendum er heimilt að nota reiknivél í öllu prófinu. Allar spurningar í prófinu eru fjölvalsspurningar. Öll svör skal því færa inn á svarblaðið. Prófheftið verður eftir í skólanum og munu kennarar geta unnið með það eftir að einkunnir berast. Rétt er að minna á að með því að sýna útreikninga eða skrá minnispunkta verður auðveldara að setja sig aftur inn í dæmin, annað hvort þegar farið er yfir í lok prófs eða eftir að niðurstöður berast. Sýnishorn eru aðgengileg á http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/framkvamd/synisefni_10_sta.html

Fyrir hönd Námsmatsstofnunar



Sigurgrímur Skúlason

Reykjavík 20. ágúst 2012.

Kæru nemendur og foreldrar/forsjáraðilar.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að samræmd könnunarpróf skuli lögð fyrir nemendur í 10. bekk að hausti. Prófað skal í þremur greinum, íslensku, ensku og stærðfræði. Prófin gegna fyrst og fremst upplýsingarhlutverki fyrir nemendur, forráðamenn þeirra, skóla og skólayfirvöld. Samræmdum könnunarprófum er ekki ætlað hlutverk í inntökufærli framhaldsskóla. Til að sinna sem best upplýsingarhlutverki prófanna verða þau lögð fyrir eins snemma og kostur er hvert skólaár. Haustið 2012 verða prófin í 10. bekk lögð fyrir dagana 17. – 19. september, fyrst íslenska, svo enska og síðast stærðfræði. Prófin hefjast klukkan 9:00 og þurfa nemendur að mæta á þeim tíma sem skólinn ákveður. Athygli er vakin á því að próftími er hafður rúmur. Eldri próf eru aðgengileg á vefsvæði Námsmatsstofnunar http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/samramd.html.

Í lögnum er einnig kveðið á um að allir nemendur í prófárganginum skuli þreyta samræmd könnunarpróf. Þó eru tilgreindar ástæður sem heimila undanþágur frá próftöku, en slík ákvörðun er tekin í samráði foreldra, kennara og skólastjóra. Skólastjóri sér svo um að tilkynna Námsmatsstofnun slíkar ákvarðanir.

Nemendur sem þreyta munu prófin núna í haust, hafa flestir tekið samræmd könnunarpróf áður í 4. og 7. bekk og þekkja því fyrirkomulagið. Niðurstöður prófanna má svo nýta við áframhaldandi kennslu það sem eftir lifir vetrar. Niðurstöðurnar gefa vísbendingu um hvar nemendur standa höllum fæti og hvar mætti skerpa á þekkingu og færni þeirra.

Efni samræmdra könnunarprófa miðast við aðalnámskrá grunnskóla, einkum námsmarkmið sem ætluð eru 8. og 9. bekk. Aðalnámskráin dregur fram meginlínur í námi en skólar hafa sveigjanleika í útfærslu á henni og einnig er námshraði einstakra nemenda breytilegur. Samræmd könnunarpróf taka mið af þessu og er efni þeirra því mjög fjölbreytt. Í þeim eru prófverkefni sem eiga að reyna á slaka jafnt sem sterka námsmenn. Almennt séð verða þó námsmarkmið sem ekki eru kynnt til sögunnar fyrr en í 10. bekk undanskilin frá efni prófanna. Mörg námsmarkmið eru þess eðlis að tekið er á þeim með endurteknum hætti ár frá ári. Um slík námsmarkmið gildir að það sem getur verið efni 9. bekkjar fyrir sterka nemendur má líta á sem 10. bekkjar efni fyrir miðlungs eða slaka nemendur. Reynt er á slík námsmarkmið á prófunum til að meta færni sterkra námsmanna.

Nokkrar tegundir einkunnna verða notaðar á samræmdum könnunarprófum. Nemendur fá eina heildareinkunn fyrir hvert próf og jafnframt eina einkunn fyrir hvern námsþátt í prófi. Nemendur fá samræmdar einkunnir sem eru hefðbundnar einkunnir. Þeir fá einnig raðeinkunn sem sýnir stöðu nemenda miðað við allan árganginn, markbundna einkunn sem tengd er við markmið aðalnámskrár og dæmigerð prófverkefni sem nemendur hafa vald á og að síðustu eru notaðar normaldreifðar einkunnir og framfaratölur við ýmsa útreikninga og skýrslugerð.

Einkunnir verða sendar skólum snemma í nóvember og prófurlausnir nemenda verða sendar skólunum skömmu síðar.

Fyrir hönd Námsmatsstofnunar



Sigurgrímur Skúlason